

Nr. 297

13. mars 2015

AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá nr. 32/2015 fyrir hundahald í Fjallabyggð.

1. gr.

1. ml. 2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:
Hundaleyfisgjald greiðist árlega, kr. 10.418.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:
Handsömunargjald, samkvæmt 11. gr. samþykktar nr. 631/2012 um hundahald í Fjallabyggð,
skal vera 5.209 kr. Ef vista þarf hund yfir nött, skal greiða vörslugjald að fjárhæð 938 kr. fyrir hvern
dag umfram fyrsta sólarhringinn.

3. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:
Gjaldskrá þessi miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2014 (415,9 stig) og uppfærist í janúar
ár hvert miðað við gildandi vísitölu neysluverðs, grunn 1988.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 11. mars 2015 á grundvelli
25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast hún gildi við birtingu í B-
deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 25. febrúar 2015.
Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 11. mars 2015.

Fjallabyggð, 13. mars 2015.

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2015